| Kennari | Borghildur Ína Sölvadóttir (BÍN), ina@vma.is<br>Karen Malmquist (KMQ), karen@vma.is |
|---|---|


## Áfangalýsing:

Í áfanganum verður farið yfir grunnatriði prjóns og hekls auk undirstöðuatriða í vélprjóni. Fjallað verður um helstu vefjarefnin sem notuð eru við framleiðslu á garni, áhöld sem notuð eru til prjóns og hekls auk kennslu í lestri uppskrifta á íslensku og ensku. Auk þessa verður farið yfir hvernig gengið er frá prjónuðum og hekluðum stykkjum og þau fullkláruð.

## Markmiðið er að nemandi:

- þekki þau áhöld sem notuð eru við prjón og hekl
- þekki a.m.k. tvær aðferðir við uppfit
- þekki hinar ýmsu prjónaaðferðir og geti nýtt sér þær í sjálfstæðri vinnu
- geti lesið og farið eftir prjóna- og hekluppskriftum, bæði á íslensku og ensku
- kynnist mismunandi vefjarefnum sem notuð eru við prjón og hekl
- geti fellt af, lykkjað eða saumað saman stykki
- kynnist undirstöðuatriðum vélprjóns

## Námsgögn:

Ljósritað hefti (verður afhent í fyrstu kennslustund) og ítarefni frá kennara.
Ef nemendur eiga prjóna, heklunálar ofl. áhöld sem geta nýst þeim í áfanganum eru þeir hvattir til að koma með þau í tímana. Garn í prufur fá nemendur á staðnum en ef nemendur vilja vinna sjálftæð verkefni verða þeir sjálfir að útvega garnið í þau.

## Áætlun um yfirferð og verkefni:

Nemendur vinna tækniprufur með aðferðum hefbundins prjóns, hekls og vélprjóns. Nemendur skulu einnig gera sokka- og vettlingaprufur. Auk þessa eru nemendur hvattir til að vinna sjálfstætt verkefni (gildir 10% af einkunn) til að auka færni sína.

Nemendur geta valið þessi verkefni í samráði við kennara og fengið leiðsögn og aðstoð við vinnu þeirra í tímum.

**Námsmat og vægi námsþátta:**

Áfanginn er próflaus og þess vegna er 100% mætingaskilda.

Nemendur skulu safna öllum prufum auk ljósrita, minnispunkta og sjálfstæðra tilrauna í eina möppu/kassa og skila, vel frá gengnu, í lok annarinnar.

*Athugið:* Í áfanganum er farið fram á lágmarksskil, ætli nemendur að standa áfangann. Nemendur skulu skila að minnsta kosti 15 prufum, vettlingapari og sokk.

Vægi einstakra þátta er sem hér segir:

| | |
|---|---|
| - 10 Prjónaprufur | 30% |
| - 10 Heklprufur | 30% |
| - 3 Vélprjónsprufur | 10% |
| - Sokka- og vettlingapar | 10% |
| - Sjálfstæð vinna (valfrjálst verkefni) | 10% |
| - Mæting, ástundun og vinnusemi | 10% |

Með fyrirvara um breytingar.

**Dagsetning:**

**Undirritun kennara**

**Undirritun brautarstj., fagstj eða staðgengils**